



M.Í.T Menntaskóli í tónlist ses. Ársreikningur 2023

M.Í.T Menntaskóli í tónlist ses.
Skiptiholti 33
105 Reykjavík

Kt. 560916-0510

M.Í.T Menntaskóli í tónlist ses.

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 23. apríl 2024.

Deloitte ehf.


Sigurður Jónsson
endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Menntaskólans í tónlist ses fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Starfsemi félagsins er að stuðla að eflingu tónlistarmenntunar með rekstri skóla þar sem kenndir eru áfangar samkvæmt aðalnámsskrám framhaldsskóla og tónlistarskóla.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2023 52.762 kr. Hrein eign félagsins í árslok var neikvæð um 2.649.800 kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Fjöldi ársverka á árinu var 29,7 (2022 27,3).

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt tónlistarnám á framhaldsskólastigi þar sem boðið er upp á fjölbreyttar námsbrautir með aðaláherslu á tónlist. Hlutverk skólans felst í að undirbúa nemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum góða og skapandi undirstöðumenntun sama hvað þeir taka sér fyrir hendur. Í Menntaskóla í tónlist er öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviði og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum. Einnig fer eftirspurn eftir starfskröftum í fjölbreytt störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar stöðugt vaxandi. MÍT tekur markvisst þátt í þróun atvinnulífs tónlistar með því að mennta þátttakendur og sækjast eftir samvinnu og tengslum við aðila tónlistarlífsins.

Skólaárið 2022-2023 stunduðu alls 203 nemendur nám við MÍT. Þar af stunduðu 57 nemendur nám á stúdentsbrautum skólans, 137 nemendur stunduðu nám á almennum tónlistarbrautum og 9 nemendur stunduðu gestanám í fræðigreinum tónlistar. Útskriftar- og framhaldsprófstónleikar vorið 2023 voru um 50 talsins og efnisskrá þeirra spannaði alla tónlistarsöguna. 8 nemendur luku stúdentsprófi frá skólanum, 36 nemendur luku lokaprófi af almennum brautum og 27 nemendur luku framhaldsprófi frá skólanum.

Haustið 2023 stunduðu alls 215 nemendur nám við skólann. Þar af 71 nemandi á stúdentsbrautum sem er tölverð aukning frá fyrra skólaári. 128 nemendur stunduðu nám á almennum tónlistarbrautum og 16 gestanemendur í fræðigreinum tónlistar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á nýsköpun í skólastarfi. Skólinn býður upp á sex viðurkenndar námsbrautir þar sem nemendur geta sérhæft sig á ólíkum sviðum tónlistar. Námsframboð í tónlistargreinum er fjölbreytt og nær yfir flestar greinar tónlistar. Skólaþróun miðar að því að leggja enn betri grunn að framhaldsnámi í tónlist og sérhæfingu á ólíkum sviðum tónlistar sem vænleg þykja til atvinnusköpunar eða framhaldsnáms á komandi árum. Skólinn hefur frá upphafi leitast við að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám og nú standa til boða fjölbreyttari leiðir en nokkru sinni fyrr.

Áritun og skýrsla stjórnar

Á árinu 2023 var lögð áhersla á að uppfæra námsbrautir og laga þær enn betur að þörfum nemenda. Jafnframt tóku gildi breytingar á skipuriti og unnið var að því að gera vinnu og utanumhald á skrifstofu enn skilvirkara og færa það nær framhaldsskólaumhverfinu. Jafnframt var lögð áhersla á að styrkja stoðþjónustu og námsráðgjöf við skólann.


Skólinn var fullskipaður á árinu og nemendum hefur fjölgað á stúdentsbrautum skólans eins og stefnt var að frá upphafi. Á árunum 2021-2022 var lögð rík áhersla á að bæta fjárhagslega stöðu skólans og að vinna upp neikvætt eigið fé sem safnast hafði upp á árunum þar á undan og ráðist í aðhaldsaðgerðir til að ná þeim árangri. Árið 2023 var aftur á móti lögð áhersla á að reka eðlilegt skólaár með fullskipuðum skóla og uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til skólans í samningi skólans við ríkið bæði hvað varðar nemendafjölda á brautum, kenndar einingar og fleiri þætti.

Stjórn M.Í.T Menntaskóla í tónlist ses. og skólameistari staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.


Reykjavík, 23. apríl 2024



Ari Daníelsson




Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir



Gunnar Kvaran Hrafnsson




Ólafur Óskar Axelsson



Víðir Smári Petersen

Skólameistari:



Freyja Gunnlaugsdóttir

Rekstrarreikningur 2023

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	2022
Framlög		455.771.000	430.600.000
Skólagjöld	3	32.461.863	30.371.000
Aðrar tekjur		0	997.500
		<u>488.232.863</u>	<u>461.968.500</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	356.881.758	305.581.881
Annar rekstrarkostnaður		135.952.602	117.053.164
Afskriftir	5	518.857	313.761
		<u>493.353.217</u>	<u>422.948.806</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(5.120.354)	39.019.694
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		6.618.794	1.970.462
Vaxtagjöld		0	(22.618)
Fjármagnstekjuskattur		(1.445.678)	(433.498)
		<u>5.173.116</u>	<u>1.514.346</u>
Hagnaður ársins		<u>52.762</u>	<u>40.534.040</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

Fastafjármunir

	Skýr.	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	618.199	551.070
Fastafjármunir samtals		618.199	551.070

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur		1.764.782	1.226.997
Handbært fé		78.221.524	62.617.320
Veltufjármunir samtals		80.547.220	63.844.317

Eignir samtals

81.165.419	64.395.387
-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Ójafnað tap		(3.649.800)	(3.702.562)
Eigið fé samtals	6	(2.649.800)	(2.702.562)

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		6.922.776	1.796.067
Fyrirframinnheimt skólagjöld	3	16.059.854	15.411.250
Framlag vegna hljóðfærakaupa	7	14.235.464	15.480.060
Aðrar skammtímaskuldir		46.597.125	34.410.572
Skammtímaskuldir samtals		83.815.219	67.097.949

Skuldir samtals

83.815.219	67.097.949
-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir samtals

81.165.419	64.395.387
-------------------	-------------------

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

M.Í.T Menntaskóli í tónlist er sjálfseignarstofnun og er megin starfsemi félagsins fólgin í að stuðla að eflingu tónlistarmenntunar með rekstri skóla þar sem kenndir eru áfangar samkvæmt aðalnámsskrám framhaldsskóla og tónlistarskóla. Lögheimili félagsins er að Skipholti 33, 105 Reykjavík. Kennitala félagsins er 560916-0510.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Skýringar

3. Skólagjöld

Skólagjöld M.Í.T. eru innheimt í ágúst ár hvert fyrir komandi skólaár sem spannar yfir tímabilið ágúst til júní. Skólagjöldin eru lotuð á milli skólaanna og færð undir fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi.

4. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Laun og launatengd gjöld alls	356.881.758	305.581.881

Fjöldi ársverka á árinu var 29,7 en var 27,3 árið á undan.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Stofnverð 1/1	896.460
Afskrifað alls 1/1	(345.390)
Viðbót á árinu	585.986
Afskrifað á árinu	(518.857)
Bókfært verð 31/12	618.199
Stofnverð alls 31/12	1.482.446
Afskrifað alls 31/12	(864.247)
Bókfært verð 31/12	618.199
Afskriftarhlutföll	35%

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1/1	1.000.000	(3.702.562)	(2.702.562)
Hagnaður ársins.....	0	52.762	52.762
Eigið fé 31/12	1.000.000	(3.649.800)	(2.649.800)

7. Framlag vegna hljóðfærakaupa

M.Í.T. fékk framlag frá ríkinu til hljóðfærakaupa við stofnun þess árið 2016. Keypt hljóðfæri hafa verið gjaldfærð á móti framlaginu. M.Í.T. hefur ekki keypt hljóðfæri fyrir allt framlagið, því er ónýttur hlutur framlagsins færður sem skuldbinding. Ef skólinn skyldi hætta starfsemi verða hljóðfærin eign ríkisins. Keypt hljóðfæri eru listuð upp hér fyrir neðan.

Bösendorfer flygill	4.700.000
Steinway flygill	12.600.000
Ableton Push2 instrument EDU	479.940
Yamaha Grand Piano	6.257.898
Yamaha CX 6 flygill	4.802.102
Yamaha Grand Piano	7.840.000
Yamaha Grand Piano	7.840.000
Miyazawa Alt flauta	1.244.596
Samtals ráðstafað	45.764.536
Óráðstafað vegna hljóðfærakaupa	14.235.464
Framlag við stofnun	60.000.000

8. Leigusamningar

Félagið hefur gert þrjá samninga um húsaleigu, einn vegna Rauðagerðis 27, 108 Reykjavík og tvo vegna Skipholts 33, 105 Reykjavík. Skuldbinding vegna þessara leigusamninga er ekki færð í efnahagsreikning. Á árinu námu leigugreiðslur 43,6 millj. kr. og eru þær færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

Húsaleigusamningur að húsnæði Rauðagerði 27 er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara. Árlegar leigugreiðslur nema um 23,6 millj. kr.

Húsaleigusamningur að húsnæði Skipholti 33 er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara. Árlegar leigugreiðslur nema um 11,1 millj. kr.

Húsaleigusamningur að húsnæði Skipholti 33 gildir til 28. febrúar 2025. Árlegar leigugreiðslur nema um 8,9 millj. kr.